


Ólafur M. Jóhannesson:

Hugleiðing vegna ummæla eins af „góðu gæjunum“ á Kjarvalsstöðum

Í ágætri grein í Helgarpóstinum á föstudaginn var, eftir Halldór Björn Runólfsson, er hann nefnir „Góðir gæjar“, er að finna viðtal við fimm myndgerðarmenn er þar sýna nú. Einn þessara „góðu gæja“, Kristinn Harðarson, segir sem svo í viðtalinu að hann hafi „... alltaf teiknað mikið —“. Síðan segir Kristinn: „Ég teikna samt með öðru hugarfari en áður. Það er ekki atriði hvort myndin sé vel teiknuð, heldur hitt hvort hún sýni hvað sé að gerast í myndinni. Ég hendi ekki teikningu þótt hún sé illa gerð. Sýni hún það sem ég vil að komi fram er takmarkinu náð. Það sama gildir um ljósmyndir mínar. Handbragðið skiptir mig ekki máli.“ Þessi ummæli Kristins eru athyglisverð. Hann hafnar fágun handverksins í þágu birtingar hugmyndarinnar. Samkvæmt skilningi Kristins skiptir ferillinn að baki myndlistarverki ekki máli. Standi þessi ummæli fyrir nýja listastefnu, þá sker sú á þróunarferil evrópskrar myndlistar. Þar hefur til skamms tíma bilið milli iðnaðarmannsins og myndlistarmannsins verið heldur óljóst. Rétt eins og iðnaðarmaðurinn þurfi vissa lagni og þekkingu til að smíða góðan stól, var myndgerðarmanninum ætlað að búa yfir álíka kostum til að geta staðið fyrir sköpun myndlistarverks.

Lítum á þetta í víðara samhengi. Myndverk líkt og smíðisgripur er einn þáttur hlutveruleikans. Það getur einnig í ríku mæli verið tákmynd hins óhlutbundna, og þar með íbúi þess óáþreifanlega heims sem umlykur okkur. En myndverk er ekki aðeins einn þáttur hins tvíeina veruleika. Það er og virkt, móttandi afl innan hans. Það er vegna þess að ýmislegt „gerist“ í myndverki. Þar er sjálfstætt líf, sem krefst atkvæðisréttar.

Það sem „gerist“ í myndverki er árangur þess sköpunarstarfs sem myndgerðarmaðurinn legg-



ur fram að viðbættu sköpunarstarfi neytanda myndverksins. Þarna kemur handbragðið inn í, það er hluti sköpunarstarfs myndgerðarmannsins og þar með óaðskiljanlegt því „hvað gerist“ í myndverkinu. Sé handbragð á myndverki lélegt þá kemur það beint fram í því sem „gerist“ í myndverkinu og þar með í huga neytanda þess. Sé einn þáttur þess sem þarna „gerist“ gerður óábyrgur, þá er myndgerðarmaðurinn sviptur árbyrgð. Hann er gerður ábyrgur fyrir því lífi sem hann hefir kveikt, ekki hvernig hann hefir kveikt það að eigin mati. Í rauninni er hann ábyrgur fyrir hvorutveggja því það er óaðskiljanlegt. Sé iðnaðarmaður á sama hátt gerður óábyrgur fyrir hand-

verki sínu þá gæti það til dæmis þýtt, að smíðaði hann stól þá skipti það eitt máli að þar væri hægt að fá sér sæti. Sé þetta ný stefna, sem hinn ágæti teiknari Kristinn Harðarson boðar í Helgarpóstinum á föstudaginn var, þá ætti hún að hafa ýmsar hliðarverkanir. Listaskólar eða sjálfsnám yrðu óþarfir hlutir þeim sem hyggðust leggja stund á myndgerð. Nær væri að berja skipulega í haus slíkra manna á kostnað ríkisins svo þeir fengju heilahristing reglulega, eða moka í þá fríu LSD og sleppa þeim síðan á styrk út í þjóðfélagið svo þeir næðu að koma einhverju sköpulagi á það sem „gerðist“ í höfði þeirra. Það væri síðan þeirra sjálfra að dæma um hvort það sem „gerðist“ í heila-

búinu kæmi fram, og flokkaðist þar með undir list, eða eitthvað álíka.

Heilinn er ákaflega fullkomið tæki, á hendurnar má líta sem framlengingu hans. Þær koma sköpulagi á þær hugmyndir sem í heilanum verða til. Hve vel tekst til um samstarf hugar og handa ræður hve nálgun hugmyndarinnar verður mikil. Draumur nýlistamannsins hlýtur að vera að flytja hugmyndir beint milli heila án nokkurra hjálpartækja. Meðan slíkur beinn flutningur er ekki mögulegur þá eru hendurnar að nokkru ábyrgar fyrir hvernig slíkt tekst. Það er annars undarlegt, að mér kom í hug er ég hugleiddi þessa nýju listastefnu, sem mér virðist þarna verið að

boða, eldgömul kínversk sögn, hún er svona.

„Einu sinni var kroppinbakur sem hét Su. Kjálkabörð hans voru svo sigin að þau námu við nafla. Axlir hans lágu hærra en höfuðið. Hárskúfurinn á hnakka hans vísaði til himins. Rassinn var þar sem rifin áttu að vera. Hann komst bærillega af með því að fást við saumadútl.“

Þegar þegnarnir voru kallaðir til þegnskylduvinnu var Su ekki valinn vegna vansköpunar.

Hins vegar þegar kom að útteilingu korns fékk hann þrefaldan skammt.“

Já, það „gerist“ margt skrytið í henni veröld.

SINDRA STÁL HF.



Fyrirliggjandi í birgðastöð

STANGAJÁRN

Fjölbreyttar stærðir og þykktir

SÍVALT JÁRN

VINKILJÁRN

FLATJÁRN

FERKANTAÐ JÁRN

Borgartúni 31 sími 27222



Hestabók Iceland Review á þýzku og sænsku

NÚ ER bókin um íslenska hestinn, sem Iceland Review gaf út í fyrra, komin út á samtals fimm tungumálum — með dreifingu í sjö löndum. Í vikunni komu sænsk og þýzku útgáfa á markaðinn héraðs, fyrir voru ensk og dönsk auk hinnar íslensku. Í þýzku útgáfunni heitir bókin einfaldlega Islandspferde, en á sænsku: Islandshästen — Gudarnas hest.

„Óhætt mun að fullyrða að engin bók um íslenska hestinn

hafi verið gefin út á jafnmörgum tungumálum samtímis og fengið jafnmikla útbreiðslu. Hefur hún hvarvetna hlotið mjög góða dóma,“ segir í fréttatilkynningu frá Iceland Review.

Bókin, sem á íslensku heitir: FÁKAR — íslenski hesturinn í blíðu og stríðu, er skrifuð af Sigurði A. Magnússyni og prýðir hana mikill fjöldi litmynda, sem teknar eru af hestinum á öllum árstíðum.